

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis nr. 454, 27. september 1991:
Liðirnir B.1. Aflgjald, B.2. Götulýsing, C.1. Órofin daghitun, C.2. Daghitun rofin, C.3. Næturráfmagn, D.1. Sumarráfmagn og D.2. Garðyrkjulýsing, hækki um 4%.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss, er taki gildi 1. janúar 1993:

Gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 171, 25. mars 1991:

Notkunargjöld hitaveitunnar lækka um sem næst 5% frá og með 1. janúar 1993 og breytist 5. gr. gjaldskrárinnar því og verður sem hér segir:

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

| | |
|--|------------|
| Garðyrkjustöðvar | kr. 124,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði. | |
| Íbúðarhús og önnur hús, sem ekki eru tilgreind annars staðar | kr. 686,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði. | |
| Iðnaðarhús | kr. 320,00 |
| fyrir hvern mínútulítra á mánuði. | |

Hjá þeim notendum, sem greitt hafa rúmmetragjald af íbúðar- og iðnaðarhúsum sínum, skal reikna minnst 1 mínútulítra fyrir hverja 100 rúmmetra og byrjaða 100 rúmmetra.

Ekki má tvíreikna gjald á sama vatnið.

Gjöld fyrir hett varn til annarra nota en að framan greinir ákveður stjórn hitaveitunnar hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Iðnaðarráðuneytið, 23. desember 1992.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Steinunn Bjarman.